

## Nornasúpa

### Efni:

- þykkur pappi í ca. A2 stærð (gott að skera til pappakassa og eiga á lager)
- kartonpappír í A2 stærð
- bókaplast
- lím
- plast og plöstunarávél
- auður teningur (formin teiknuð á hann)

### Aðferð:

- límið kartonið á pappann
- klippið út nornina og límið á miðju svæðisins
- klippið út pottana og límið einn í hvert horn spjaldsins
- plastið með bókaplasti
- klippið út lausu formin, plastið í plöstunarávél og klippið aftur

### Leikurinn:

- Spilið er fyrir fimm spilara og einn spilar fyrir nornina (þeim finnst gaman að skiptast á að vera nornin)
- Nornin á litríku formin en hinir eru með form í sama lit og þeirra pottur er
- Teningnum er kastað til skiptis og spilararnir setja það form sem kemur upp á teningnum í sinn pott. Ef búið er t.d. að setja báða þríhyrningana í pottinn og þríhyrningur kemur upp á teningnum gerir sá næsti.
- Leikurinn gengur út á að vera á undan norninni að gera súpu og verða leikar oft æsispennandi

Ath: Gott er að plasta leiðbeiningarnar aftan á pappaspjaldið með bókaplasti svo þær séu alltaf aðgengilega

















